

Fundargerð 3. Aðalfundur Alnæmisbarna

Haldinn 15. mars 2007 í Orkugarði, Grensásvegi 9, ReykjavíkDagskrá fundarins var þessi:

1. Aðalfundarstörf – dagskrá skv. lögum félagsins

1. Setning fundar
2. Kosning fundarstjóra og ritara
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar félagsins lagðir fram
5. Starfsáætlun og fjárhagsáætlun næsta árs
6. Ákvörðun félagsgjalda
7. Lagabreytingar – engar lagabreytingar liggja fyrir
8. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga
9. Skipan starfshópa og næstu verkefni þeirra
10. Önnur mál

2. Afhending viðurkenningaskjala til styrktaraðila Alnæmisbarna

3. Smálánasjóðir í þróunarríkjunum – reynsla Grameen bankans í Bangladesh

Pálína Björk Matthíasdóttir, viðskiptafræðingur

4. Ný heimasíða Alnæmisbarna

Gunnlaugur Einarsson og Bjarni Reykr Kristjánsson

Fundurinn fór fram samkvæmt dagskrá. Þátttakendur voru 25 talsins. María J. Gunnarsdóttir, formaður Alnæmisbarna setti fundinn og stjórnaði kjöri fundarstjóra og fundarritara. Hjalti Franzson og Þráinn Friðriksson voru kjörnir í þau embætti með lófataki. Tók Hjalti þegar við fundarstjórn. Skýrslu formanns og reikningum félagsins var dreift til fundarmanna í upphafi fundar.

Þá kynnti María J. Gunnarsdóttir skýrslu stjórnar. Fyrst gerði hún grein fyrir tilgangi félagsins, og ræddi alnæmisvandamálið. Þá gerði hún grein fyrir starfsemi stjórnar, fundahöldum á vegum

félagsins og nýrri heimasíðu félagsins. Því næst ræddi hún um starfsemi Candle Light Foundation, CLF, áherslu þess á ungar mæður, stuðning þess við menntun þeirra á grunn- og framhaldsskóla stigi og til verkmennta. Alnæmisbörn greiða 27% af rekstrarkostnaði CLF. Þróunarsamvinnustofnun hefur stutt starf CLF síðan 2002 og nam sá styrkur á síðasta ári um 32% af rekstrarkostnaðinum. ÞSSÍ mun hætta stuðningi við CLF eftir árið 2007 þar sem verkefnið er ekki sjálfbært og samrýmist því ekki starfsemi ÞSSÍ. Rætt var við Barnaheill um aðkomu þeirra að CLF en þær viðræður báru ekki árangur. Þá greindi hún frá því að hún og Gestur Gíslason hefðu farið til Uganda til viðræðna við Uganda Australian Foundation UAF sem eru Úgandísk og Áströlsk hjálparsamtök, um samstarf þeirra við CLF en þau hafa áhuga á að taka upp svipaða starfssemi. Það kom síðan í ljós að ekki var vilji frá hvorki CLF né UAF til samstarfs. Alnæmisbörn hafa áhuga á að starfa með UAF í framtíðinni. Þá sagði hún frá mannfræðirannsóknum Sigríðar Baldursdóttur hjá CLF á síðasta ári en Sigríður tók viðtöl við stúlkurnar sem nú eru hjá CLF. Í framtíðinni er áhugi fyrir því að efna til samstarfs við háskóla um rannsókn á högum þeirra 160 stúlkna sem farið hafa í gegnum prógrammið hjá CLF. Þá sagði hún frá því að starfsemi smálánasjóðs fyrir CLF stúlkur sem er í burðarliðnum. Að lokum þakkaði hún styrktaraðilum félagsins stuðninginn.

Því næst kynnti Bjarni Reyr Kristjánsson reikninga félagsins og voru þeir samþykktir, án athugasemda. Þá kynnti María J. Gunnarsdóttir starfsáætlun næsta árs. Helstu þættir starfsins framundan er áframhaldandi stuðningur við CLF. Ætlunin er að koma þeim stuðningi og starfi CLF í fastari skorður, gera verklagreglur um áreiðanleika og gegnsæi. Þetta er gert í nánú samstarfi við CLF og er markmiðið með bættum verklagsreglum m.a. að auðvelda CLF að komast í samstarf við aðra aðila. Eins og fyrr segir er smálána–starfsemi fyrir CLF stúlkur í burðarliðnum. Þá vill stjórn fá óháða úttekt á starfi CLF. Vinna í kynningarmálum er viðvarandi. Sótt hefur verið um styrk til pokasjóðs til að fjármagna starfsemi smálánasjóðsins. Þá eru Alnæmisbörn í samstarfi við UAF um að koma á fót starfsemi sem byggir á sömu hugmyndafræði og CLF. Hugmyndin er að Alnæmisbörn styrki aðstöðuna t.e. með því að kaupa lóð og byggja leikskóla. Gert er ráð fyrir fara í sérstakt fjáröflunarátak í tenglum við þennan verkþátt.

Því næst var komið að því að ákveða félagsgjöld fyrir 2007. Stjórnin lagði fram þá tillögu að gjaldið væri óbreytt, 2500 kr og kom engin önnur tillaga fram. Var tillaga stjórnar samþykkt með lófataki.

Engar lagabreytingatillögur lágu fyrir og var sá liður því fljótafgreiddur. Þá var komið að því að kjósa til stjórnar. Úr stjórn gengu María J. Gunnarsdóttir, Bjarni Reyr Kristjánsson, Guðlaugur Þór Pálsson og Helga Tuliníus. Stjórnin gerði tillögu um að í stjórnina yrðu kjörin María J. Gunnarsdóttir, Bjarni Reyr Kristjánsson, Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir og Helga Tuliníus. Var tillaga stjórnar samþykkt með lófataki og engar aðrar tillögur komu fram.

Þá gerði Hildur Gestsdóttir grein fyrir starfsemi kertagerðarhóps sem hittist tvisvar í mánuði og steypir kerti. Kertin eru seld eftir óformlegum leiðum innanlands og er hagnaðurinn af sölu þeirra notaður til að kaupa kertamót fyrir CLF og standa straum af ferðakostnaði þegar svo ber undir. Helga Tuliníus sagði að starfsemi fjáröflunarhóps lægi niðri enda stæði félagið vel og engin fjárfrek verkefni í gangi. Fjáröflunarátak mun fara af stað þegar farið verður út í framkvæmdir í samstarfi við UAF sem getið er að ofan.

Engin önnur mál voru tekin á dagskrá og lauk þar með hefðbundnum aðalfundarstörfum.

Eftir kaffihlé voru styrktaraðilunum Íslenskum orkurannsóknnum, Orkuveitu Reykjavíkur, Zontaklúbbnum Emblu, Soroptimistafélagi Hafnarfjarðar og Garðarbæjar, UNIFEM og Samorku afhent viðurkenningarskjöl fyrir veittan stuðning við félagið.

Pálína B. Matthíasdóttir sagði frá starfsemi Grameen smálánabankans í Bangladesh. Spunnust af erindi hennar líflegar umræður.

Þá sagði Bjarni Reyr Kristjánsson frá nýrri heimasíðu félagsins sem þeir Gunnlaugur Einarsson hafa komið upp. Hún er með þeirri náttúru að allir stjórnarmenn geta uppfært hana og munu því fréttir af starfi félagsins birtast þar oft og í smærri skömmtum en verið hefur.

Að þessu loknu sleit fundarstjóri fundi.

Ritað í Reykjavík, 15. mars 2007. Fundarritari: Þráinn Friðriksson